

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM

Haldinn miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 16:00

í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 6. grein laga Íslandsdeildar ICOM.

Guðný Dóra Gestsdóttir setti fund og bauð gesti velkomna. Lagði til að Helga Maureen Gylfadóttir yrði fundarstjóri og að Sigurður Trausti Traustason riti fundargerð.

Í fundarboði láðist að senda út að einnig skyldi kjósa um tvo skoðunarmenn reikninga. Helga Maureen lagði fyrir fundinn hvort þeir samþykktu uppfærða dagskrá. Samþykkt einhljóða af fundarmönnum.

1. Ársskýrsla 2018 kynnt

GDG fór yfir ársskýrslu. Kynnti stjórn og fór yfir starfið á árinu. Fjölgað hefur mikið í félaginu á árinu eða um 20 manns og því ber að fagna. Unnið var að lagfæringu á vefsíðu icom.is. Guðný Dóra ítrekaði við félagsmenn um að uppfæra netföng sín og nota til þess icom.museum síðuna eða mína síðu þar.

GDG fór yfir IRIS gagnagrunninn og umsóknarferli í ICOM.

ICOM á fulltrúa í nefndum þar á meðal Safnaráði, Bláa skildinum og Húsafríðunarnefnd.

Mikið og gott samstarf hefur verið við Físos á árinu.

Íslandsdeildin tilnefnir á hverju ári tvo fulltrúa í nefnd íslensku safnaverðlaunanna. GDG kynnti vinnu og niðurstöður íslensku safnaverðlaunanna þar sem Listasafn Árnesinga hlaut verðlaunin.

Alþjóðlegi safnadagurinn farið yfir kynningu, þema og tilgang dagsins.

Útgáfu og ferðasjóður. Mikil eftirspurn var í sjóðinn og ekki fengu allir styrk sem sóttu um.

Haldið var siðareglunámskeið á árinu.

Aðalfundur ICOM var haldinn í París árið 2018. Mikil fjölgun verið í félaginu á undanförunum árum. Telja nú um 40.000 féлага. GDG sat fundinn í París fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM. Kjör var um hvaða land skyldi halda alþjóðaráðstefnuna 2022. Var það Alexandría í Egyptalandi sem varð fyrir valinu. Formaður tók þátt í námskeiði um IRIS gagnagrunninn. Næsti fundur er í september í Kyoto í Japan.

Íslandsdeild ICOM mun halda árlegan fund ICOM nord í apríl 2019.

Ársskýrsla 2018 var samþykkt einróma.

2. Ársreikningur 2018

Sif Jóhannesdóttir fór yfir ársreikninginn í gegnum fjarfundarbúnað frá Akureyri. Upp á vantaði að samtalan í skuldir og eigið fé væri í ársreikningi. Þörf er á að skoðunarmenn kvitti upp á ný skjöl þegar þetta hefur verið lagfært.

Ábending um að kostnaður við hýsingu væri nokkuð hár.

Ársreikningur var borinn undir fundinn og var hann samþykktur einhljóða.

Sif Jóhannesdóttir þakkaði fyrir gott samstarf og kvaddi fundarmenn en hún hefur lokið störfum fyrir félagið.

3. Starfsáætlun 2019

GDG kynnir starfsáætlun félagsins fyrir árið 2019.

Undirbúningur er í gangi fyrir ICOM Nord á Íslandi 29-30 apríl 2019. Sem verður haldinn á sama degi og vorfundur höfuðsafnanna. Fundunum verður skeytt saman að litlu leyti þar sem fundarmenn taka þátt í fundi höfuðsafnanna til að byrja með.

Samstarf verður við FÍSOS um alþjóðlega safnadaginn 2019. Söfn sem menningarmiðstöðvar. ICOM mun hvetja íslensk söfn til að taka virkan þátt í safnadeginum.

Safnaverðlaunin verða afhent næst árið 2020. Félagið tilnefnir tvo nefndarmenn.

Talsverður áhugi er á því að fara til Kyoto á alþjóðaráðstefnuna.

Félagið mun halda siðareglunámskeið á árinu.

4. Kjör til stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga

Sif Jóhannesdóttir býður sig ekki fram til áframhaldandi setu í gjaldkera. Eitt framboð hefur borist og er það Anna Friðbertsdóttir. Framboð hennar er samþykkt með lófaklappi.

Kjör tveggja skoðunarmenn reikninga. Lilja Árnadóttir og Þorbjörg gefa ekki kost á sér áfram en Inga Jónsdóttir og Þóra Björk Ólafsdóttir bjóða sig fram og er framboð þeirra samþykkt með lófaklappi.

5. Úthlutun úr ferða og útgáfusjóði

Helga Lára Þorsteinsdóttir fer yfir úthlutanir úr útgáfu og ferðasjóði. Umsóknir fyrir Kyoto voru í forgangi. Fjórir styrkir eru veittir og eftirtaldir fá styrk 60.000 kr hver.

Edda Halldórsdóttir

Áslaug Guðrúnardóttir

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Ágústa Rós Árnadóttir.

6. Önnur mál

Guðbrandur Benediktsson óskaði eftir því að fá að tala undir liðnum önnur mál. GB kynnti European Museum of the Year award. GB er landsfulltrúi í evrópsku safnaverðlaununum og tilnefndur af Íslandsdeildinni. Hvetur fundarmenn til að kynna sér dagskrána og verðalunin. Opið er fyrir tilnefningar til 25. apríl í ár. Beinir spurningu til stjórnar Íslandsdeildar hvort að félagið vilji styrkja frekar tengslin við þessi verðlaun, læra af þeim og einnig kynna þau frekar. europeanforum.museum.

Lilja Árnadóttir bendir á að gott gæti verið að skoða þessi verðlaun með það í huga að skoða verklagsreglur fyrir íslensku safnaverðlaunin. Helga Maureen talar um að verið sé að móta vinnureglur og matsblöð.

Guðbrandur Benediktsson spurðist fyrir hvort að Íslandsdeildin væri að sækjast eftir því að halda til dæmis ráðstefnu fagdeildar. Líkt og var gert með SECA ráðstefnu hér áður. Það hefur ekki verið rætt innan stjórnar undanfarið. Þetta verður rætt og skoðað. Lilja Árnadóttir bendir á að hún er meðlimur af COMPOL og það væri lítil deild sem væri mögulegt að athuga með að fá þá deild eða af álíka stærðargráðu hingað. Gæti verið mikil lyftistöng fyrir íslenskt safnastarf.

Ekki fleira bókað, fundi slitið 17:01